



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. mars 2019.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum (fyrirframgefin ákvarðanataka), þskj. 313, 282. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarpið heils hugar og hvetur til lögleiðingar þess. Svo sem segir í greinargerð með frumvarpinu þá felst í fyrirframgefinni ákvarðanatöku viðurkenning samfélagsins á því að virða beri vilja lögræðissviptra einstaklinga þótt þeir hafi misst réttinn eða getuna til að taka ákvarðanir um eigið líf.

Að mati MRSÍ væri með lögleiðingu fyrirframgefinnar ákvarðanatöku stigið mikilvægt spor í átt að því að tekið verði tillit til óska og vilja þeirra sem til dæmis dvelja á heilbrigðisstofunum sem og hvað varðar ráðstöfun fjármuna, umönnun barna og fleira.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri